

Fylkir ehf.
b.t. Framkvæmdastjóra
Grensásveggi 50
108 Reykjavík

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 23.5.2019

Staðsetning skoðunar: Vesturberg 195

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED] stjórnandi Fylkir ehf.
[REDACTED] Vinnueftirlit ríkisins
[REDACTED] Vinnueftirlit ríkisins
[REDACTED] ftirlit ríkisins

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð skoðun á verkstað við Vesturberg 195 í Reykjavík. Verkstaður var skoðaður. Rætt var við stjórnanda hjá Fylkir ehf. um öryggismál og aðbúnað starfsmanna á verkstað. Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna og öryggisatriði á verkstað eru í ólagi er vinna bönnuð á verkstað að hálfu Vinnueftirlitsins. Heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum á verkstað.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna, öryggisatriði og öryggisstjórnunarkerfi á verkstað eru í ólagi, svo sem kaffi og salcrnisaðstaða, gönguleiðir, fallvarnir og skipulag öryggismála metur Vinnueftirlitið það að veruleg hættu sé á ferðum fyrir lífi og heilbrigði starfsmanna.

Fyrirmæli

Öll vinna við byggingaframkvæmdir í húsnæði við Vesturberg 195 í Reykjavík er bönnuð þar til búið er að gera úrbætur í samræmi við fyrirmæli og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir framangreint bann er heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum. Bann við vinnu er sett á grundvelli 84, 85.gr. laga nr 46/1980

Lög & reglur:

046/1980 85. gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

046/1980 84, 85. gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvarnir vegna vinnu í hæð á verkstað eru ófullnægjandi. Handrið, endalokanir, hné- og fótlísta vantar á verkfallana á mörgum stöðum. Slík skapar mikla slyshættu fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna við vinnu í hæð á verkstað.

Lög & reglur:

729/2018: Reglugerð um röraverkpalla

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggis- og heilbrigðisáætlun verkkaupa er ekki til staðar fyrir viðkomandi byggingaframkvæmd. Hún skal vera sýnileg á verkstað og aðgengileg starfsmönnum til kynna sér.

Fyrirmæli

Gera skal öryggis- og heilbrigðisáætlun verkkaupa fyrir byggingarsvæðið.

Lög & reglur:

046/1980 6. mgr. 36. gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

547/1996 gr. 3.2.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Enginn starfsmaður á verkstað var með réttindi til að stjórna byggingarkrana. Grunur er um að byggingarkrana á verkstað sé stjórnað af starfsmönnum sem hafa ekki tilskilin vinnuvélaréttindi. Öll slík vinna er óheimil án réttinda. Vinnueftirlitið hefur heimild til að kæra slíkt til lögreglunnar.

Fyrirmæli

Tryggja skal að eingöngu þeir starfsmenn sem hafa til þess fullgilt vinnuvélaréttindi frá Vinnueftirlitinu starfi við skráningarskyldar vinnuvélar. Öll vinna starfsmanna við stjórnun skráningarskyldra vinnuvéla án fullgilda vinnuvélaréttinda er bönnuð.

Lög & reglur:

198/1983 2. gr. : Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum
046/1980 6. mgr. 45. gr. og 85. gr. : Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Athugasemd 5 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Umferðaleiðir á verkstað eru ófullnægjandi. Vantar jafnvel á nokkrum stöðum. Ótryggir og lausir stigar. Umferðaleiðum sér í lagi ábótavant á verkpöllum. Slysahætta er fyrir hendi við þessar aðstæður.

Ganga skal frá umferðarleiðum á verkstað þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna á umferðarleiðum á verkstað.

Lög & reglur:

547/1996 A. Hluti, gr. 13.1. B. Hluti 17.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 6 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Opin göt í gólfplötu í húsinu. Fallhætta er fyrir hendi. Lokun þeirra ekki fullnægjandi.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna vegna fallhættu á verkstað. Loka götum í gólfplötu á fullnægjandi hátt.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 7 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggishlíf á borðsög á verkstað vantar.

Fyrirmæli

Notkun á borðsög er bönnuð. Þar til að tilskyld öryggishlíf hefur verið sett á tæki.

Lög & reglur:

367/2006 gr. 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

367/2006

2.8. Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Athugasemd 8 - Starfsmannarými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Kaffi og mataraðstaða starfsmanna við verkið er óviðunandi, hún er ekki í sér rými heldur hluti af skítugu vinnusvæði. Aðstæður eru ófullnægjandi fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Gera skal úrbætur strax á kaffi og mataraðstöðu starfsmanna við verkið.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 9 - Starfsmannarými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Salernisaðstaða starfsmanna er óviðunandi. Þrif á salerni eru verulega ábótavant og lýsing er ófullnægjandi.

Fyrirmæli

Gera skal úrbætur strax á salernisaðstöðu við verkið.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 10 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Samræmingaraðili öryggis og heilbrigðismála hefur ekki verið skipaður við byggingarframkvæmdina.

Fyrirmæli

Verkkaupi skal skipa a.m.k. einn samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana til starfa á verksvæðinu, þar sem fleiri en einn atvinnurekandi er að störfum.

Lög & reglur:

046/1980 , 3. og 4. mgr. 36. gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

547/1996 , gr. 3.1.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]



23.05.19 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

